

Borgarstjórn Reykjavíkur
20. september 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að stemma stigu við hættulegum hraðaakstri á göngu- og hjólastígum

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að grípa til aðgerða í því skyni að stemma stigu við hættulegum hraðakstri bifhjóla á göngu- og hjólreiðastígum borgarinnar, sem og á gangstéttum. Aðgerða er þörf þar sem mikil brögð eru að því að léttum bifhjólum, bæði raf- og bensíndrífnum, sé ekið eftir göngu- og hjólastígum, langt yfir þeim lögbundna 25 kílómetra hámarkshraða sem er í gildi á slíkum stígum. Aðgerðirnar verði þrenns konar: 1. Betri merkingar. Skýrar merkingar um hámarkshraða léttu bifhjóla (25 km/klst.) verði settar upp við göngu- og hjólreiðastíga. 2. Aukin fræðsla. Ráðist verði í fræðsluáttak í skólum borgarinnar til að kynna gildandi reglur um akstur léttu bifhjóla í þéttbýli. Þar komi fram reglur um hámarkshraða á göngu- og hjólastígum, hjálmaskyldu, hvar megi hjóla o.s.frv. Óskað verði eftir samstarfi við Samgöngustofu að þessu leyti. 3. Löggæsla. Óskað verði eftir því að lögreglan herði umferðareftirlit á göngu- og hjólreiðastígum borgarinnar og komi í veg fyrir að vélknúnum hjólum sé ekið þar yfir löglegum hámarkshraða.